



Fréttabréf Árskógar skóla

Leik- og grunnskóli, Árskógi, Dalvíkurbyggð

18. tölublað, 3. árgangur, febrúar 2014 Ábyrgðarmaður: Gunnþór Eyfjörð Gunnþórsson

náms **A**hugi-þ **R**autseigja- **S**amvinna-lei **K**ur-útisk **O**li- **G**leði- **U**mhyggja-vi **R**öðing

**Vissir þú að....
Ef humar missir
auga þá vex nýtt!**

Vísá febrúar

Þumalvingur er mamma

Þumalvingur er mamma sem var mér vænst og best.
Vísifingur er pabbi sem gaf mér rauðan hest.
Langatöng er bróðir sem býr til falleg gull.
Baugfingur er systir sem þrjónar sokka úr ull.
Litlifingur er barnið sem leikur sér að skel.
Litli þínu anginn sem dafnar svo vel.
Hér er allt fólkið svo fallett og nett.
Fimm eru á bænum ef talið er rétt.
Ósköp væri gaman í þessum heim,
ef öllum kæmi saman eins vel og þeim.

Skólanámskrá

Skólanámskráin er aðgengileg á vef skólans [hér](#) og mikilvægt að foreldrar kynni sér hana reglulega. Í vinnslu er árganganámskrá þar sem eru sett fram markmið hvers aldurshóps fyrir bæði skóla-
stig,
tilbúin
2014.



Kæra skólasamfélag

Janúar var góður, m.a. tók ný stundaskrá gildi, danskensla hófst, sérstakir lesskilningstímar eru komnir inn vikulega þar sem unnið er með spennandi texta á blöðum, í bókum og tölvum. Skólinn er að auka vægi lestrar og lesskilnings á öllum stigum. Framundan er undirbúningur að frekari samkennslu á mörkun skólastiganna enda hefur núverandi samkennsla reynt vel og það eru mörg tækifæri til þess að skapa nemendum enn frekari samfellu í sínu námi svo skil skólastiganna, leik- og grunn, verði eins þröskuldalaus og hægt er og barn njóti kosta báðra skólastiga eins og það þarf og nái markmiðum á sínum forsendum. Við höldum ótrauð áfram að þróa góðan faglegan skóla og ætlum að gera enn betur á nýju ári.

Kveðja frá skólastjórnendum, Hjördís Jóna & Gunnþór Eyfjörð G.

Forföll nemenda

Þegar nemandi er veikur er mikilvægt að foreldrar láti skólann vita en best er að það sé gert með því að hringja á kaffistofu í síma **460-4970** eða á Kötlukot í síma **460-4973** og þá ættu skila-boðin að komast á þar til gerða upplýsingatöflu starfsmanna. Enginn ritari er starfandi við skólann og ekki gefið að kennarar séu búnir að ræsa tölvur sínar og skoða tölvupósta klukkan 08:00, því er best að hringja. 📞



Dagur leikskólans-opið hús

Fimmtudaginn 6. febrúar verður dagur leikskólans haldinn hátíðlegur í leikskólum landsins. 6. febrúar er merkisdagur í íslenski leikskólasögu því þann dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín. Dagur leikskólans er samstarfsverkefni Félags leikskólakennara, Félags stjórnenda leikskóla, mennta- og menningarmálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Heimilis og skóla. Tilgangurinn er að auka jákvæða umræðu um leikskólann, vekja umræðu um hlutverk leikskóla og starf leikskólakennara og kynna starfsemina út á við.

Við bjóðum ykkur öllum sérstaklega í heimsókn þennan dag í **Árskógar skóla**, takið þátt í leik og námi barnanna, ræðum um starfið og njótið góðrar samveru í skólanum okkar.

Í tilefni dagsins verður Kötlukot með gæðastund kl: 11 inn á Kötlukoti. Allir að koma í lopapeysum.



Mentor og Kötlukot

Starfsfólk Kötlukots er að setja sig meira inn í notkun á Mentor. Starfsfólk ætlar að setja inn upplýsingar um hvað börnin hafa verið að gera hverja viku og hvernig almennt hafi gengið. Vonandi eiga upplýsingar til ykkar eftir að aukast með þessu og endilega fylgist með fregnum þar inni.

Stóra upplestrarhátíðin í 7. bekk

Markmið upplestrarkeppni í 7. bekk grunnskóla er að vekja athygli og áhuga í skólum á vönduðum upplestri og framburði. Keppnin sjálf er í rauninni aukaatriði og forðast skyldi að einblína á sigur. Mestu skiptir að kennarar nýti þetta tækifæri til að leggja markvissa rækt við einn þátt móðurmálsins með nemendum sínum, vandaðan upplestur og framburð, og fái alla nemendur til að lesa upp, sjálfum sér og öðrum til ánægju. Stefnt skyldi að því að allur upplestur í tengslum við keppnina sé fremur í ætt við hátíð en keppni. Þetta á ekki síst við um lokahátíð keppinnar.

Forkeppni Árskógar skóla fer fram miðvikudaginn 12. febrúar þar sem dómnefnd velur einn fulltrúa og annan til vara. Allir nemendur 7. bekkjar skólans taka þátt og æfa sig þannig hver á sinn hátt.

Lokakeppnin verður á Dalvík í mars en nánari dagsetning kemur fljótlega.



Vetrarhátíð Kötlukots

Föstudaginn 28. febrúar verður haldin vetrarhátíð á Kötlukoti. Foreldrum er velkomið að koma og taka þátt með okkur en við reiknum með að vera úti að leika milli klukkan 09:30-11. Við ætlum að hafa ýmislegt skemmtilegt úti-tengt í boði og leika okkur saman, rennum okkur, málum í snjóinn, búum til hús og fleira. Vonandi getum við einnig prófað nýju útieldunar-græjurnar sem skólinn var að eignast en þar á meðal er stór pottur "Hollendingur" en í honum má malla súpu fyrir allan skólann, svo er stór panna og önnur minni og ketill. Allur matur bragðast betur úti... segir máltækið!



Opnunartími og skóladagatal

Árskógar skóli er opinn alla virka daga frá 07:45-16:15.

Vinsamlegast kynnið ykkur **skóladagatal 2013-2014** svo allt sé á hreinu!



Heimasíða skólans

Myndir á heimasíðu undir myndasafn!

<http://dalvikurbyggd.is/arskogarskoli/>








VIRÐING

JÁKVÆÐNI

METNAÐUR

Viðburðadagatal febrúar 2014

Mánudagur Þriðjudagur Miðvikudagur Fimmtudagur Föstudagur Laugardagur Sunnudagur

					1	2
3 Skipulagsdagur Nemendur í fríi 	4	5	6 Dagur leik- skólans Lopapeysudagur Pétur Jökull 4 ára 	7 Dagur stærðfræðinnar 	8 Smári Freyr 13 ára 	9
10	11	12 Forkeppni upplestrar- keppninnar í 7. bekk kl. 12:10 	13	14	15	16
17	18	19	20	21 Náttfatadagur ALLIR í náttföt 	22	23 Sindri 9 ára 
24	25	26	27 Elvý Inga 5 ára 	28 Vetrarhátíð Kötlu kots 